

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Merði Árnasyni um þjónustusamninga við veitendur heilbrigðisþjónustu.

1. *Við hvaða veitendur heilbrigðisþjónustu hefur ráðuneytið gildan þjónustusamning?*

Samkvæmt 2. gr., 5. gr., sbr. og IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, annast Sjúkratryggingar Íslands (sjúkratryggingastofnunin), í samræmi við stefnumörkun ráðherra, samningsgerð um veitingu heilbrigðisþjónustu. Ráðuneytið sér þó enn um gerð samninga um heilbrigðisþjónustu í hjúkrunarrýmum.

Gildandi samningar ráðuneytisins um heilbrigðisþjónustu í hjúkrunarrýmum eru við Hjúkrunarheimilið Eir um endurhæfingu í Reykjavík, við Hrafnistu um rekstur í Boðabíngi í Kópavogi og endurhæfingarrými í Reykjavík, við Grund um rekstur á Mörkinni í Reykjavík, við Öldung um rekstur Sóltúns í Reykjavík og við Vopnafjarðarhrepp um rekstur Sundabúðar. Þá er í gildi samningur við Mosfellsbæ um rekstur Hamars, en það er nýtt heimili og byggt samkvæmt svokallaðri leiguleið. Byggingu hjúkrunarheimila samkvæmt leiguleiðinni er einnig lokið á Akureyri, í Borgarbyggð og í Garðabæ og til stendur að gera samninga um rekstur þeirra við viðkomandi sveitarfélög og hafa samninginn um rekstur Hamars í Mosfellsbæ sem fyrirmynd. Þá eru byggingar hjúkrunarheimila í gangi hjá Reykjanesbæ og á Ísafirði og liggur einnig fyrir gerð samninga um rekstur heimilanna við þau sveitarfélög.

Í töflu hér að aftan er að finna lista frá Sjúkratryggingum Íslands yfir gildandi samninga stofnunarinnar um heilbrigðisþjónustu.

Gildandi samningar um heilbrigðisþjónustu.

Flokkun	Viðsemjendur	Heiti samnings
Erlendir samningar	Karolinska University Hospital	Samkomulag um meðferð með geislun (Gamma Knife)
Erlendir samningar	Rikshospitalet, Noregi	Samkomulag um psoriasis-meðferð
Erlendir samningar	Rigshospitalet, Kaupmannahöfn	Samkomulag um þjónustu vegna PET – SCAN
Erlendir samningar	Landspítali	Samkomulag vegna samnings SÍ og Skåne Care um hjartaskurðlækningar á börnum
Erlendir samningar	Ingibjörg Helgadóttir	Samningur um aðstoð við sjúklinga í Stokkhólmi og nágrenni
Erlendir samningar	Karolinska University Hospital	Samningur milli Karolinska og SÍ um stofnfrumu-meðferð
Erlendir samningar	Íslenska kirkjan í Svíþjóð	Samningur um aðstoð við sjúklinga í Gautaborg
Erlendir samningar	Ása Ásgeirsdóttir	Samningur um aðstoð við sjúklinga í Lundi og nágrenni
Erlendir samningar	Skåne Care AB, Lund, Sweden	Samningur um hjartaaðgerðir fyrir börn
Erlendir samningar	Sahlgrenska International Care Gothenburg	Samningur um líffæragjafir og þjónustu
Erlendir samningar	Children's Hospital Boston	Samningur um meðferð barna

Flokkun	Viðsemjendur	Heiti samnings
Heimahjúkrun	Heilsueflingarmiðstöðin	Samningur um sérhæfða hjúkrunarmeðferð fyrir börn í heimahúsum
Heimahjúkrun	Sjúkrahúsið á Akureyri	Samningur um aðstöðu fyrir starfsemi Heimahlyningar
Heimahjúkrun	Landspítali	Samningur um aðstöðu og þjónustu Karitas ehf.
Heimahjúkrun	Landspítali	Samningur um heimahjúkrun stómasjúklinga
Heimahjúkrun	Akureyrarbær	Samningur um heimahjúkrun við Heilsugæslu Akureyrar
Heimahjúkrun	Landspítali	Samningur um skráningu vegna þjónustu Heilsueflingarmiðstöðvar
Heimahjúkrun	Landspítali	Samningur um öflun og rekstur CPAP, BIPAP og rúmmálastýrðra öndunarvéla í heimahúsum ásamt þjónustu
Heimahjúkrun	Landspítali	Samningur vegna hjúkrunarfræðilegrar ráðgjafar um súrefnisþjónustu í heimahúsum
Heimahjúkrun	Heimahlyning	Sérhæfð líknandi hjúkrunar meðferð í heimahúsum
Heimahjúkrun	Karitas	Sérhæfð líknandi hjúkrunar meðferð í heimahúsum
Heimahjúkrun	Heimaþjónusta Reykjavíkur	Þjónustusamningur um hjúkrun í heimahúsum
Heimilislækningar	Salus	Heilsugæslustöðin í Salahverfi Kópavogi
Heimilislækningar	Heimilislæknar utan heilsugæslu	Heimilislæknar utan heilsugæslu (HUH)
Heimilislækningar	Læknavaktin	Móttökuvakt heimilislækna
Heimilislækningar	Akureyrarbær	Rekstur heilsugæslustöðvar ásamt þjónustu við fanga
Heimilislækningar	Heilbrigðisstofnun Suðausturlands	Samningur um rekstur heilsugæslu og öldrunarþjónustu
Heimilislækningar	Læknavaktin	Samningur um vitjanaþjónustu
Heimilislækningar	Heimilislæknaðstöðin	Samningur um heilsugæslu í Lágmúla
Hjálpartæki	Eirberg ehf.	Bað- og salernishjálpartæki
Hjálpartæki	Fastus ehf.	Bað- og salernishjálpartæki
Hjálpartæki	Icepharma	Bað- og salernishjálpartæki
Hjálpartæki	Stoð hf.	Bað- og salernishjálpartæki
Hjálpartæki	Öryggismiðstöð Íslands hf.	Bað- og salernishjálpartæki
Hjálpartæki	Logaland ehf.	Bleiur, netbuxur, bindi og fleira
Hjálpartæki	Rekstrarvörur ehf.	Bleiur, netbuxur, bindi og fleira
Hjálpartæki	Logaland ehf.	Bleiur, netbuxur, bindi og fleira. Viðauki um dreifingu.
Hjálpartæki	Rekstrarvörur ehf.	Bleiur, netbuxur, bindi og fleira. Viðauki um dreifingu.
Hjálpartæki	Kollidoor ehf.	Bæklunarskór ásamt tilheyrandi þjónustu
Hjálpartæki	Skósmiðjan ehf.	Bæklunarskór ásamt tilheyrandi þjónustu
Hjálpartæki	Orthos ehf.	Bæklunarskór ásamt tilheyrandi þjónustu
Hjálpartæki	Stoð hf.	Bæklunarskór ásamt tilheyrandi þjónustu
Hjálpartæki	Stoðtækni ehf.	Bæklunarskór ásamt tilheyrandi þjónustu
Hjálpartæki	Stoð hf.	Gervilimir ásamt viðaukasamningi um viðhalds- og viðgerðarþjónustu
Hjálpartæki	Össur hf.	Gervilimir ásamt viðaukasamningi um viðhalds- og viðgerðarþjónustu
Hjálpartæki	Eirberg ehf.	Hjólástólar og gönguhjálpartæki
Hjálpartæki	Fastus ehf.	Hjólástólar og gönguhjálpartæki
Hjálpartæki	Stoð hf.	Hjólástólar og gönguhjálpartæki
Hjálpartæki	Öryggismiðstöð Íslands hf.	Hjólástólar
Hjálpartæki	Icepharma	Rammasamningur um fólkslyftara
Hjálpartæki	Eirberg	Rammasamningur um fólkslyftara og sjúkrarúm
Hjálpartæki	Fastus ehf.	Rammasamningur um fólkslyftara og sjúkrarúm
Hjálpartæki	Öryggismiðstöð Íslands hf.	Rammasamningur um fólkslyftara og sjúkrarúm
Hjálpartæki	Endurhæfing ehf.	Ráðgjöf sjúkraþjálfara í setstöðuráðgjafarteymi

Flokkun	Viðsemjendur	Heiti samnings
Hjálpartæki	Donna ehf.	Samningur um litlar, léttar og hreyfanlegar súrefnissíur
Hjálpartæki	Faxi ehf. (Geisli)	Samningar um viðgerðarþjónustu vegna hjálpartækja
Hjálpartæki	Sjúkrahúsið á Akureyri	Samningur um húsnæðisaðstöðu og hjálpartækjaráðgjöf á Kristnesi
Hjálpartæki	Stoð ehf.	Rammasamningur um fólkslyftara og sjúkrarúm
Hjálpartæki	Eirberg	Spelkur ásamt viðaukasamningi um viðhalds- og viðgerðarþjónustu
Hjálpartæki	Stoð ehf.	Spelkur ásamt viðaukasamningi um viðhalds- og viðgerðarþjónustu
Hjálpartæki	Össur hf.	Spelkur ásamt viðaukasamningi um viðhalds- og viðgerðarþjónustu
Hjálpartæki	Ísaga ehf.	Súrefni og súrefnissíur. Framkvæmd og rekstur í heimahúsum
Hjálpartæki	Ísaga ehf.	Samningur um litlar, léttar og hreyfanlegar súrefnissíur
Hjálpartæki	Eirberg	Vinnustólar og sérstakir barnastólar
Hjálpartæki	Fastus ehf.	Vinnustólar og sérstakir barnastólar
Hjálpartæki	Stoð ehf.	Vinnustólar og sérstakir barnastólar
Hjálpartæki	Öryggismiðstöð Íslands hf.	Vinnustólar og sérstakir barnastólar
Hjálpartæki	Actavis	Þvagleggir og þvagpokar
Hjálpartæki	Fastus ehf.	Þvagleggir og þvagpokar
Hjálpartæki	Icepharma	Þvagleggir og þvagpokar
Hjálpartæki	Medor	Þvagleggir og þvagpokar
Hjálpartæki	Securitas hf.	Öryggiskallkerfisþjónusta
Hjálpartæki	Slökkvilið Ísafjarðar	Öryggiskallkerfisþjónusta
Hjálpartæki	Öryggismiðstöð Íslands hf.	Öryggiskallkerfisþjónusta
Iðjuþjálfun	Gigtarfélag Íslands	Samningur um iðjuþjálfun
Iðjuþjálfun	Sjálfbjörg Akureyri	Samningur um iðjuþjálfun
Ljósmeður	Ljósmeður	Rammasamningur um heimaþjónustu
Læknishjálp	Landspítali	Hjartalokuskipti með þræðingartækni
Læknishjálp	Landspítali	Raförvunartæki vegna vandamála í grindarbotni
Læknishjálp	Landspítali	Samningur um einingaverð og gjaldskrá vegna verka unnin á dag- og göngudeildum LSH
Læknishjálp	Landspítali	Samkomulag um insúlíndætur (göngudeild sykursjúkra og göngudeild sykursjúkra barna)
Læknishjálp	Landspítali	Samkomulag um mótefnaskortsdætur
Læknishjálp	Landspítali	Samkomulag um radiofrequency ablation (RFA) meðferð við krabbameini í lifur
Læknishjálp	Landspítali	Samningur um að fá sérgreinalækni sem starfar erlendis til að veita meðferð á sjúkrahúsi á Íslandi
Læknishjálp	Landspítali	Samningur um meðferð með lyfinu Adcetris
Læknishjálp	Augljós	Samningur um laseraðgerð á augum
Læknishjálp	Lasersjón	Samningur um aðgerðir með excimer lasertækni
Læknishjálp	Sjónlag	Samningur um aðgerðir með Lasik leysitækni
Læknishjálp	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Samningur um aðstöðu og svæfingar
Læknishjálp	Sjúkrahúsið á Akureyri	Samningur um augasteinsaðgerðir
Læknishjálp	Sjónlag	Samningur um augasteinsaðgerðir
Læknishjálp	Lasersjón	Samningur um augasteinsaðgerðir
Læknishjálp	Landspítali	Samkomulag um IL2-meðferð fyrir sjúkratryggðan sjúkling með nýmakrabbamein
Læknishjálp	Landspítali	Samningur um aortalokuskipti með þræðingartækni
Læknishjálp	Landspítali	Samningur um brennsluaðgerð vegna gáttatífs

Flokkun	Viðsemjendur	Heiti samnings
Læknishjálp	Landspítali	Samningur um innri geislun vegna krabbameins í blöðruhálskirtli
Læknishjálp	Landspítali	Samningur um umsýslu og úthlutun á raförvunartækjum til meðferðar við ökkjalömun
Læknishjálp	Landspítali	Samningur um innæðaviðgerðir vegna æðagúla í höfði
Læknishjálp	Landspítali	Samningur um ígræðslu nýrna frá lifandi gjöfum
Læknishjálp	Landspítali	Samningur um kuðungsígræðslu
Læknishjálp	Húðlæknastöðin	Samningur um meðferð með lasertækjum
Læknishjálp	Útlitslækning ehf.	Samningur um lasermeðferð
Læknishjálp	Sjúkrahúsið á Akureyri	Samningur um liðskiptaaðgerðir
Læknishjálp	Augnæknar Reykjavíkur	Samningur um meðferð með laser við gláku
Læknishjálp	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Samningur um sérfræðiþjónustu í hjartalækningum
Læknishjálp	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Samningur um sérfræðiþjónustu í hjartalækningum
Læknishjálp	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Samningur um sérfræðiþjónustu í hjartalækningum
Læknishjálp	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Samningur um sérfræðiþjónustu í krabbameinslækningum og kvenlækningum
Læknishjálp	Heilbrigðisstofnun Sauðárkróki	Samningur um sérfræðiþjónustu í kvenlækningum og geðlækningum
Læknishjálp	Heilbrigðisstofnun Sauðárkróki	Samningur um sérfræðiþjónustu í bæklunarskurðlækningum, almennum skurðlækningum, lýta- og þvagfæraskurðlækningum
Læknishjálp	Landspítali	Samningur um stofnfrumumeðferð
Læknishjálp	Barnalæknaþjónustan	Samningur um vaktþjónustu barnalækna
Læknishjálp	Heilbrigðisstofnun Blönduósi	Samningur um ýmsa sérfræðiþjónustu
Læknishjálp	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Samningur um sérfræðiþjónustu í þvagfæraskurðlækningum
Læknishjálp	Sjúkrahúsið á Akureyri	Samningur um þjónustu sérfræðings í efnaskipta- og innkirtlalækningum
Læknishjálp	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Samningur um þjónustu sérfræðings í húðlækningum
Læknishjálp	Sjúkrahúsið á Akureyri	Samningur um þjónustu sérfræðings í húðsjúkdómalækningum
Læknishjálp	Sjúkrahúsið á Akureyri	Samningur um þjónustu sérfræðings í taugalækningum
Læknishjálp	Sjúkrahúsið á Akureyri	Samningur um þjónustu sérfræðings í lungnalækningum
Læknishjálp	Sérgreinalæknar	Rammasamningur sérgreinalækna
Læknishjálp	Læknafélag Reykjavíkur	Samstarfssamningur milli LR og SÍ vegna rammasamnings
Læknishjálp	Landspítali	Samningur um ökuhæfnismat
Læknishjálp	Landspítali	TNS raförvunartæki
Myndgreining	Íslensk myndgreining	Samningur um myndgreiningu
Myndgreining	Læknisfræðileg myndgreining	Samningur um myndgreiningu
Næring	Icepharma	Rammasamningur. Næring um slöngu með tilheyrandi fylgihlutum og næringardrykkir
Næring	Icepharma	Samningur um kaup og þjónustu varðandi amínósýrunæringu fyrir PKU
Rannsóknir	Rannsóknastofur smærri stofnana	Rammasamningur um rannsóknir sem pantaðar eru af sjálfstætt starfandi læknum

Flokkun	Viðsemjendur	Heiti samnings
Rannsóknir	LSH/Salus	Samkomulag um greiðslur rannsókna frá Heilsugæslunni í Salahverfi
Rannsóknir	Rannsóknastofan í Glæsibæ	Samningur um blóðmeina- og efnameinafræðirannsóknir og skyldar rannsóknir
Rannsóknir	Rannsóknastofan í Mjódd	Samningur um blóðmeina- og efnameinafræðirannsóknir og skyldar rannsóknir utan sjúkrahúsa
Rannsóknir	Sjúkrahúsið á Akureyri	Samningur um rannsóknir á rannsóknastofu FSA
Rannsóknir	Frumurannsókn ehf.	Samningur um rannsóknir í frumumeinafræði
Rannsóknir	Ellen Mooney	Samningur um rannsóknir í húðmeinafræði
Rannsóknir	Landspítali	Samningur um rannsóknir í klínískri lífefnafræði, blóðmeinafræði, ónæmisfræði, sýklafræði og veirufræði
Rannsóknir	Sjúkrahúsið á Akureyri	Samningur um rannsóknir í líffærameinafræði
Rannsóknir	Vefjarannsóknastofan Álfheimum	Samningur um rannsóknir í líffærameinafræði
Rannsóknir	Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði	Samningur um rannsóknir í lyfja og eiturefnafræðum
Rannsóknir	Krabbameinsfélag Íslands	Samningur um rannsóknir í frumumeinafræði
Rannsóknir	Hjartavernd	Þjónustusamningur við Hjartavernd
Sálfræðiþjónusta	Sálfræðingar	Rammasamningur um sálfræðiþjónustu við börn
Sálfræðiþjónusta	BUGL	Samkomulag um tilvísanir í sálfræðimeðferð
Sálfræðiþjónusta	Greininga- og ráðgjafastöð ríkisins	Samkomulag um tilvísanir í sálfræðimeðferð
Sálfræðiþjónusta	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Samkomulag um tilvísanir í sálfræðimeðferð
Sálfræðiþjónusta	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Samkomulag um tilvísanir í sálfræðimeðferð
Siglingamál	Landspítali	Samkomulag Sahlgrenska sjúkrahússins í Gautaborg um líffæratöku og líffæraígræðslu
Siglingamál	Landspítali	Samkomulag um söfnun og flutning á eitilfrumum frá Svíþjóð til Íslands og um chimerismapróf
Siglingamál	Landspítali	Samkomulag vegna læknismeðferðar erlendis. Vinnureglur
Siglingamál	Landspítali	Samningur um heimflutning og gjörgæslu fyrir sjúkratryggða sem sendir hafa verið af siglinganefnd til Gautaborgar til að fá ígrætt HM-II hjálparhjarta
Siglingamál	Landspítali	Samningur vegna aðgerða við parkinsonsveiki
Sjúkraflutningar	Mýflug hf.	Samkomulag um sjúkraflug til Vestmannaeyja
Sjúkraflutningar	Ernir ehf.	Samkomulag um sjúkraflug frá Íslandi til útlanda
Sjúkraflutningar	Landhelgisgæslan, Mýflug hf.	Samkomulög um tafarlausan sjúkraflutning sjúkratryggðra sjúklinga til útlanda, þegar ekki er unnt að nýta áætlunarflug
Sjúkraflutningar	Mýflug hf.	Samningur um sjúkraflug á Íslandi
Sjúkraflutningar	Landhelgisgæsla Íslands	Samningur um sjúkraflug með þyrlu
Sjúkraflutningar	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	Samningur um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu
Sjúkraflutningar	Brunavarnir Suðurnesja	Samningur um sjúkraflutninga á Suðurnesjum
Sjúkraflutningar	Akureyrarbær	Samningur um sjúkraflutninga á svæði heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri
Sjúkraflutningar	Flugfélag Íslands	Samningur um sjúkrarúm í innanlandsflugi
Sjúkraflutningar	Rauði kross Íslands	Samningur um útvegum og rekstur bifreiða/tækjabúnaðar til sjúkraflutninga
Sjúkraflutningar	Sjúkraflug ehf.	Samningur um þjónustu fylgdarmanna í áætlunarflugi innan lands

Flokkun	Viðsemjendur	Heiti samnings
Sjúkraflutningar	Akureyrarbær	Samningur um þjónustu sjúkraflutningamanna við sjúkraflug með sjúkraflugvélum innan lands á norðursvæði og Vestmannaeyjasvæði
Sjúkrahótel	Sinum ehf.	Þjónustusamningur um sjúkrahótel
Sjúkraþjálfun	Sjúkrastofnanir	Rammasamningur um sjúkraþjálfun á göngudeild
Sjúkraþjálfun	Sjúkraþjálfarar	Rammasamningur við sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara utan sjúkrahúsa
Sjúkraþjálfun	Félag sjúkraþjálfara	Samkomulag um aðkomu FS að faglegum málefnum er varða rammasamning SÍ og sjúkraþjálfara
Sjúkraþjálfun	Sjálfsbjörg Akureyri	Samningur um sjúkraþjálfun
Sjúkraþjálfun	Landspítali	Samningur um sjúkraþjálfun á sjúkrahótel
Sjúkraþjálfun	Endurhæfing ehf.	Samningur um þjálfun einstaklinga með fjölpættar skerðingar
Lyf	Landspítali	Samkomulag vegna S-merktra lyfja
Lyf	Landspítali	Samkomulag um lyf sem veitt er á dag- og göngudeildum blóð og krabbameinslækninga LSH
Lyf	Landspítali	Samningur milli SÍ, LSH og FSA um framkvæmd samkomulags vegna S-lyfja
Lyf	Sjúkrahúsið á Akureyri	Samningur milli SÍ, LSH og FSA vegna S-lyfja
Lyf	Lyfsalar	Rammasamningur um kostnaðardreifingu vegna lyfjakaupa
Talþjálfun	Talmeinafræðingar	Rammasamningur um talmeinaþjónustu á eigin stofum
Talþjálfun	Félag talkennara	Samkomulag um aðkomu FTT að faglegum málefnum í rammasamningi
Tannlækningar	Tannlæknafélag Íslands	Samningur um tannlækningar barna
Tannlækningar	Tannlækna	Samningur um rafræn samskipti og aðgerðaskrá
Tannlækningar	Peter Holbrook	Samningur um munnvatnsrannsóknir
Tannlækningar	Tannlæknaeild HÍ	Samningur um tannlækningar á göngudeild THÍ
Tannlækningar	LSH og Háskóli Íslands	Samningur um nauðsynlegar tannlækningar samkvæmt skriflegri tilvísun lækna LSH
Verktakalækna	Reynir Arngrímsson	Mat á læknisfræðilegri örorku og framkvæmd áverkagreiningar
Verktakalækna	Magnús Páll Albertsson	Læknisfræðileg ráðgjöf í siglinganefnd, sjúklingatryggingu og slysatryggingu
Verktakalækna	Ingólfur Kristjánsson	Mat á læknisfræðilegri örorku og framkvæmd áverkagreiningar
Verktakalækna	Guðjón Baldursson	Mat á læknisfræðilegri örorku og framkvæmd áverkagreiningar
Verktakalækna	Guðjón Baldursson	Mat á varanlegri örorku af völdum slysa
Verktakalækna	Guðmundur Björnsson	Mat á læknisfræðilegri örorku og framkvæmd áverkagreiningar
Verktakalækna	Guðmundur Gunnlaugsson	Mat á læknisfræðilegri örorku og framkvæmd áverkagreiningar
Verktakalækna	Guðni Arinbjarnar	Mat á læknisfræðilegri örorku og framkvæmd áverkagreiningar
Verktakalækna	Gunnar K. Guðmundsson	Mat á læknisfræðilegri örorku og framkvæmd áverkagreiningar
Húðmeðferð	Bláa lónið	Samningur um húðmeðferð í Bláa lóninu
Húðmeðferð	Sjálfstætt starfandi starfsstöðvar	Rammasamningur um meðferð við húðsjúkdómum
Áfengismeðferð	SÁÁ	Samningur um áfengis- og vímuefna meðferð fyrir sjúkratryggða einstaklinga á dagdeild

Flokkun	Viðsemjendur	Heiti samnings
Áfengismeðferð	SÁÁ	Áfengis- og vímuefnameðferð á göngudeild
Áfengismeðferð	SÁÁ	Þjónustusamningur um áfengis- og vímuefnameðferð á sjúkrahúsinu Vogu
Endurhæfing	Praut ehf.	Samningur um þverfaglega endurhæfingu fyrir einstaklinga með vefjagigt
Endurhæfing	HL-stöðin í Reykjavík	Samningur um endurhæfingu og þjálfun
Endurhæfing	HL-stöðin á Akureyri	Samningur um endurhæfingu og þjálfun
Endurhæfing	Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	Þjónustusamningur um starfsemi Æfingastöðvarinnar að Háaleitisbraut
Endurhæfing	Náttúrulækningafélag Íslands	Þjónustusamningur um þverfaglega endurhæfingu
Endurhæfing	Reykjalundur/Hlein	Þjónustusamningur við Reykjalund vegna starfsemi Reykjalundar, endurhæfingarmiðstöðvar SÍBS
Krabbameinsleit	Krabbameinsfélag Íslands	Leitarstöð Krabbameinsfélags Ísl., forvarnir
Öldrunarþjónusta	Akureyrarbær	Samningur um rekstur öldrunarheimila

2. Hver er stefna ráðuneytisins um faglegt eftirlit með slíkum þjónustusamningum?

Ráðherra markar stefnu um faglegt eftirlit með samningum um heilbrigðisþjónustu innan ramma gildandi laga, laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, laga nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og annarra laga. Um stefnuna vísast til svars við 3. tölul. fyrirspurnarinnar.

3. Hvernig er háttáð faglegu eftirliti ráðuneytisins með starfsemi samkvæmt þjónustusamningi? Hver annast eftirlitið, hvernig fer það fram og hvaða gögn liggja fyrir um það?

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, skal landlæknir hafa reglubundið eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta sem veitt er hér á landi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma. Landlæknir hefur heimild til að krefja heilbrigðisstarfsmenn, heilbrigðisstofnanir og aðra sem veita heilbrigðisþjónustu um upplýsingar og gögn sem hann telur nauðsynleg til að sinna eftirlitshlutverki sínu og er þeim skylt að verða við slíkri kröfu.

Telji landlæknir að heilbrigðisþjónusta uppfylli ekki faglegar kröfur eða önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf skal hann beina tilmælum um úrbætur til rekstraraðila. Verði rekstraraðili ekki við slíkum tilmælum ber landlækni að skýra ráðherra frá málinu og gera tillögur um hvað gera skuli. Getur ráðherra þá tekið ákvörðun um að stöðva rekstur tímabundið þar til bætt hefur verið úr annmörkum eða stöðva rekstur að fullu.

Um eftirlit með samningum sem velferðarráðuneytið gerir um heilbrigðisþjónustu fer einnig samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 343/2006 um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs. Á meðan á samningstíma stendur fer fram eftirlit með að framkvæmd samnings sé í samræmi við ákvæði hans og að lokum er gerð úttekt sem lögð er til grundvallar við ákvarðanatöku um endurnýjun samnings.

Geta má þess að á heimasíðu ráðuneytisins er að finna *Kröfulýsingu fyrir öldrunarþjónustu*, en hún þjónar sem grunnur að gerð þjónustusamninga við öldrunarstofnanir og er til viðbótar faglegum gæðakröfum sem embætti landlæknis setur starfseminni. Í henni er m.a. ákvæði um hvernig eftirliti með framkvæmd þjónustunnar skuli háttáð. Samkvæmt henni hefur ráðuneytið eftirlit með framkvæmd samninga, auk fjárhagslegs eftirlits.¹

¹ www.velferðarraduneyti.is/media/Rit_2013/Krofulysing_oldrunarthjonustu_jan2013.pdf

Samkvæmt lögum um sjúkratryggingar hafa Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) eftirlit með starfsemi sinna samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga. Eftirlit stofnunarinnar er m.a. fólgið í eftirfarandi:

- Að innsendir reikningar séu í samræmi við gerða samninga, lög og reglugerðir á hverjum tíma.
- Ýmsum keyrslum úr upplýsingakerfum SÍ til að skoða frávik á beitingu á gjaldskrá.
- Heimsóknum á starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna.
- Fundum með viðsejendum um gang verkefnanna. Í samningum við fyrirtæki og stofnanir eru SÍ með ákvæði um árlega fundi en í öðrum samningum getur verið um tíðari fundi að ræða.
- Yfirferð yfir ársreikninga.
- Sérstakri úttekt í lok samningstíma á framkvæmd samninga og hversu vel þjónustuveitendur hafa uppfyllt samningskröfur. Þessar úttektir eru í mörgum tilfellum árlegar þar sem samningar hafa iðulega verið gerðir til skamms tíma eftir 2008.